

Sp.

52. Tillaga til þingsályktunar

[47. mál]

um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort unnt sé að auka öryggi sjófarenda við suðurströnd landsins með því að merkja hana með radarspeglum, þar sem hún er lægst. Reynist sú athugun jákvæð, verði slík radarmerki sett upp hið allra fyrsta.

G r e i n a r g e r ð.

Um langan aldur hefur verið reynt að auka öryggi sjófarenda með því að staðsetja ljósvita og önnur leiðarmerki á sjávarströndum. Á þann hátt hefur mörgu sjóslysi verið forðað. Nútímataekni hefur aukið mjög öryggi þeirra, sem sigla með ströndum fram, og koma þar einkum til afnot radartækja, sem sýna stjórnendum skipa strandlínuna og önnur kennileiti ofar í landinu. Þó koma þessi tæki ekki að fullu haldi, þar sem svo hagar til, að ströndin er mjög lág. Þar sem strönd Íslands er lægst og aðgrynni mikið, hafa hlotizt miklir skipsskaðar og manntjón, en á þeim slóðum koma radartækin ekki að sama gagni og annars staðar. Líklegt er, að stórlega mætti auka not stjórnenda skipa af radartækjum sínum með því að merkja þessa hættulegu strönd stöngum með sérstökum radarspeglum, sem koma fram á sjónskífum radara, þótt ströndin geri það ekki. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að hið fyrsta verði rannsakað, hvort slíkir radarspeglar kæmu að haldi til slysa-varna og þeir settir upp, ef athugun reynist jákvæð.